

## D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 2. maí 2012 í máli nr. S-70/2011:

### Ákærvaldið

*(Bryndís Ósk Jónsdóttir fulltrúi)*

### gegn

**X,**

*(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)*

**Y og**

*(Grétar Dór Sigurðsson hdl.)*

**Z**

*(Fróði Steingrímsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 8. mars sl., höfðaði lögreglustjórinn á Vestfjörðum með ákæru 20. desember 2011 á hendur ákærðu, X, kt. [...] heimilis að ..., Y, kt. [...], ..., og Z, kt.[...], ...;

fyrir eftirfarandi brot framin á árinu 2010 nema annað sé tekið fram:

I.

Gegn ákærða X fyrir skilasvik, með því að hafa á tímabilinu 16. nóvember 2009 til 26. mars, sem eigandi og framkvæmdastjóri A., kt.[...], fjarlægt eða látið fjarlægja, og tekið þannig undir sig, án heimildar veðhafa, túrbínu sem tengd er skipsvél (Mitsubishi raðnúmer D11885) að verðmæti kr. 600.000 og tvo björgunarbáta (raðnúmer C020701 og Y070402) að verðmæti kr. 200.000, úr skipi A., B, þar sem skipið lá í Akraneshöfn, þrátt fyrir að skipið ásamt rekstrartækjum og fylgifé, væri veðsett Sparisjóði Vestfirðinga, síðar Sparisjóði Keflavíkur, síðar Landsbankanum hf., nú NBI hf., samkvæmt skuldabréfi, dags. 29. nóvember 2005, samanber viðauka dagsettan 11. maí 2007, og ráðstafað þannig fjármunum A. svo ekki varð samrýmt réttindum veðhafa.

Telst þetta varða við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Gegn ákærðu Y og Z fyrir hlutdeild í skilasvikum meðákærða X, með því að hafa í sameiningu fimmtudaginn 11. febrúar fjarlæggt tvo björgunarbáta (raðnúmer C020701 og Y070402), að verðmæti kr. 200.000, úr skipinu B, þrátt fyrir að skipið ásamt rekstrartækjum og fylgifé væri veðsett með þeim hætti sem greinir í I. ákærulið, og aðstoðað þannig meðákærða X við að ráðstafa fjármunum A. svo ekki varð samrýmt réttindum veðhafa.

Telst þetta varða við 2. tl. 1. mgr. 250. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, en til vara 261. gr. sömu laga.

### III.

Gegn ákærða X fyrir tilraun til peningþvættis með því að hafa föstudaginn 26. mars reynt að afla sér ávinnings með því að selja túrbínu samkvæmt I. ákærulið til nýrra eigenda B, C., kt. [...], fyrir kr. 600.000.

Telst þetta varða við 1. mgr. 264., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu ákærða X eru þær kröfur aðallega gerðar í málinu að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Til vara krefst ákærði vægustu refsingar sem lög leyfa. Í báðum tilvikum er gerð krafa um að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg þóknun verjanda til handa.

Kröfur ákærða Y í málinu eru aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds, til vara að honum verði ekki gerð refsing en til þrautavara að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa. Í öllum tilvikum krefst ákærði þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg þóknun til handa verjanda hans.

Ákærði Z krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa. Í báðum tilvikum krefst ákærði þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg þóknun verjanda hans til handa.

### I.

Hinn 15. febrúar 2010 lagði Sparisjóðurinn í Keflavík fram kæru á hendur ákærða X, þá forsvarsmanni A., og starfsmanni félagsins, ákærða Y, fyrir meint brot gegn ákvæði 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í kærinni var og tekið fram að sparisjóðinn grunaði einnig að ákærði Z væri meðsekur hinum tveimur fyrrnefndu.

Í kæru sparisjóðsins var til þess vísað að A. hefði átt og gert út bátinn B. Báturinn hefði verið veðsettur sparisjóðnum að fullu með öllum búnaði og veiðiheimildum. Báturinn hefði verið sleginn sparisjóðnum á uppboði hjá sýslumanninum á Ísafirði 11. febrúar 2010. Samdægurs, að fenginni rökstuddri beiðni frá sparisjóðnum, hefði sýslumaðurinn á Ísafirði gefið út staðfestingu á því að sparisjóðurinn fengi afhent

yfirráð yfir bátnum frá uppboðsdegi. Síðan sagði svo í kærinni: „Strax sama dag eftir uppboðið fékk sparisjóðurinn aðila á Akranesi til að loka og læsa öllum aðgöngum inn í bátinn þar sem hann liggur í höfninni á Akranesi ... Ofanritaður aðili er Gunnar Richter ...“.

Af hálfu sparisjóðsins var einnig rakið í kærinni að 12. febrúar 2010 hefði útibússtjóra sparisjóðsins á Ísafirði borist símtal frá fyrrnefndum Gunnari sem tilkynnt hefði að tveir björgunarbátar væru horfnir af þilfari B. Hefði komið fram hjá Gunnari að á myndbandsupptöku úr öryggismyndavél við Akraneshöfn mætti sjá bifreið með kerru ekið að hlið bátsins. Tveir menn hefðu síðan farið um borð og nokkru síðar híft báða björgunarbátana á kerruna og ekið brott.

Samdægurs mun hafa komið í ljós að mennirnir tveir á myndbandsupptökunni voru ákærðu Y og Z. Þegar starfsmenn sparisjóðsins náðu símasambandi við ákærða Y gekkst hann strax við því að hafa tekið bátana en neitaði hins vegar að afhenda sparisjóðnum þá nema samkvæmt fyrir mælum föður síns, ákærða X, þar um, enda hefði það verið hann sem beðið hefði Y um að taka bátana.

Í lok maí 2010 lagði lögreglan á Vestfjörðum hald á fyrrnefnda björgunarbáta á heimili ákærðu X og Y að D. Við það tækifæri kannaðist ákærði X við að um væri að ræða báta sem um hríð hefðu verið um borð í B. Fullyrti ákærði hins vegar að bátarnir væru persónuleg eign hans, enda kæmu þeir upphaflega úr skipinu S, sem ákærði hefði selt úr landi í brotajárn. Í skýrslutöku hjá lögreglu ítrekaði ákærði efnislega þessa afstöðu sína.

Hinn 22. júní 2011 lagði Landsbanki Íslands (útibú bankans á Ísafirði), sem þá hafði tekið við réttindum og skyldum sparisjóðsins, fram nýja kæru á hendur ákærða X. Í kærinni krafðist Landsbankinn þess „... að þeim sem sekir kunna að reynast um þjófnað á túrbínu úr B í byrjun árs 2010 verði refsað lögum samkvæmt.“ Var til þess vísað að eftir að fyrri kæra var lögð fram hefði komið í ljós að túrbína B hefði verið fjarlægð úr bátnum. Hefði ákærði X skömmu síðar, með milligöngu félagsins Híbýla og skipa ehf., boðið nýjum eigendum bátsins, C., sem keypt hefðu bátinn af SpKef sparisjóði eftir áður nefnt uppboð, túrbínu til kaups. Strax hefði þá vaknað grunur um að ákærði hefði tekið túrbínuna úr bátnum og væri nú að bjóða nýjum eigendum hana til kaups. Í framhaldinu höfðu bankinn og G. samvinnu sín á milli og fór svo að þeir náðu túrbínunni úr höndum ákærða X án þess að hann fengi greiðslu fyrir.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 23. ágúst 2010 neitaði ákærði að túrbína sú sem hann hefði boðið C. til kaups hefði verið túrbínan úr B. Um hefði verið að ræða túrbínu sem hann hefði sjálfur látið gera upp og hefði ekki ætlað að láta með bátnum.

Rannsókn lögreglu á málinu lauk í nóvember 2011 og 20. desember það ár gaf lögreglustjórinn á Vestfjörðum út ákæru á hendur ákærðu samkvæmt áðursögðu.

## II.

### A.

Ákærði X, sem var er atvik máls gerðust eigandi og framkvæmdastjóri A, skýrði svo frá fyrir dómi að björgunarbátar þeir er mál þetta vörðuðu væru lausafé og

komnir úr bátnum E sem verið hefði í eigu A þar til hann var seldur í brotajárn. Bátarnir hefðu því ekki tilheyrt B heldur eingöngu verið lánaðir þangað þar sem björgunarbátarnir um borð í B, sem á sínum tíma hefðu verið veðsettir með bátnum, hefðu verið orðnir ónýtir. Lánið á bátunum hefði grundvallast á loforði sparisjóðsins um að ákærði fengi bátinn eftir uppboð, sem sjóðurinn hefði síðan ekki efnt. Tók ákærði fram í þessu sambandi að kostnaður við að kaupa senda í bátana og skoða þá hefði ekki verið greiddur af A heldur öðru félagi.

Þá greindi ákærði X svo frá að er hann hafi verið á sjó úti við Noregsstrendur, líklega að áliðnu árinu 2009, hefði sonur hans, meðákærði Y, náð sambandi við hann símleiðis, þrátt fyrir stopult símasamband, og sagst ætla að sækja „dótið sitt“ um borð í B. Kvaðst ákærði hafa sagt meðákærða að það væri óþarfi, ákærði myndi geta tekið dótið þegar hann kæmi aftur heim, enda væri sparisjóðurinn búinn að lofa honum bátnum eftir fyrirhugað uppboð. Ákærði sagði Y hafa greint sér frá samtali sem hann hefði skömmu áður átt við F sparisjóðsstjóra er brugðist hefði hinn versti við þegar meðákærði upplýsti hann um þá fyrirætlan sína að fara um borð í bátinn og sækja eigur sínar. F hefði talið slíkan leiðangur óþarfan með öllu þar sem þeir feðgar, X og Y, gætu farið um borð í bátinn eftir uppboðið til að sækja eigur sínar þar sem ákærði fengi bátinn í hendur eftir uppboðið. Ákærði kvað meðákærða hins vegar ekki hafa látið sig og hann haldið fast við þá fyrirætlan að sækja föggur sínar um borð í bátinn.

Úr því að meðákærði Y hélt sig við fyrirætlan sína kvaðst ákærði hafa beðið hann um að taka björgunarbátana tvo úr fiskikari á þilfari bátsins. Ástæðuna sagði ákærði þá að hann hefði óttast, af gefnu tilefni, að bátunum yrði annars stolið þar sem þeir lágu lausir í karinu. Kvaðst ákærði ekki hafa haft um það hugmynd fyrr en síðar að meðákærði Z, nágrenni þeirra feðga færi með Y í þennan leiðangur. Spurður um hvort eignarhald á björgunarbátunum hefði komið til tals í símtali þeirra feðga kvað ákærði svo ekki hafa verið, enda engin ástæða til þar sem A hefði á þessum tímamarki verið þinglýstur eigandi bátsins og jafnframt hefði staðið til að ákærði fengi bátinn eftir uppboðið samkvæmt áðursögðu. Í þessu sambandi upplýsti ákærði einnig að sonur hans hefði ekki á nokkurn hátt haft með rekstur eða fjárhagsleg málefni A að gera.

Fram kom hjá ákærða X að farið hefði verið með björgunarbátana heim til bróður hans. Þann mann sagði hann í raun eiga björgunarbátana þar sem hann hefði lagt út fé í til tengslum við drátt bátsins E til Danmerkur þar sem báturinn hefði verið seldur í brotajárn árið 2008. Björgunarbátana hefði ákærði ekki selt með heldur tekið þá úr bátnum, ásamt ýmsum öðrum hlutum, og látið senda þá til baka. Síðan hefði ákærði afsalað björgunarbátunum til bróður síns sem endurgreiðslu á hinum útlagða kostnaði. Ákærði hefði síðan fengið bátana lánaða hjá bróður sínum til að setja í B þar sem þeir sem í honum voru hefðu verið ónýtir og ákærði verið orðinn févana og ekki getað keypt nýja.

Spurður um hvernig björgunarbátarnir hefðu komist til D, þar sem lögregla hefði fundið þá og haldlagt 31. maí 2010, svaraði ákærði X því til að bróðir hans hefði skutlað þeim vestur. Ástæðu þess að farið hefði verið með bátana vestur sagði ákærði hafa verið plássleysi hjá bróður sínum. Ákærði hefði síðan ætlað að reyna að selja bátana svo bróðir hans fengi peningana sína til baka. Tók ákærði fram að hann hefði aldrei verið spurður út í bátana, hvorki af sparisjóðnum né öðrum, og ekkert vitað af kæru sjóðsins fyrr en lögreglan birtist á heimili hans. Því sé fráleitt

að halda því fram að hann hafi verið að fela bátana.

Ákærði X kvað B hafa verið gerðan út á árunum 2008 og 2009 með hjálp góðra manna í Keflavík. A hefði ekki gert bátinn út á því tímabili vegna deilna við sparisjóðinn sem lokað hefði reikningum félagsins. Staðfesti ákærði að hann hefði farið með B í slipp á Akranesi í október 2009. Þá kom fram hjá ákærða að hann og meðákærði Y hefðu verið skipverjar á bátnum á hluta umrædds tímabils. Þannig hefði báturinn verið raunverulegt heimili þeirra feðga í um eitt ár á meðan báturinn var á sæbjúgnaveiðum.

Túrbínu þá sem nefnd er í ákæruliðum I og III sagði ákærði X ekki vera úr B. Þá túrbínu hefði ákærði fengið til að gera upp þar sem húsið á túrbínunni úr B hefði verið sprungið. Ákærði hefði fengið þær ráðleggingar að keyra alls ekki vél bátsins með þeirri túrbínu þar sem það gæti valdið óbætanlegum skaða á bátsvélinni. Ákærði hefði því útvegað sér aðra túrbínu, notaða, og látið endurbyggja hana. Kvaðst ákærði hafa talið sig hafa fullan haldsrétt í þeirri túrbínu þar sem hann hefði sjálfur lagt út fyrir túrbínunni og annað fyrirtæki lánað honum fyrir endurgerð hennar. Ætlan ákærða hefði verið að setja túrbínuna í B í stað hinnar en ekki hefði orðið af því þar sem sparisjóðurinn hefði ekki staðið við þau fyrirheit að ákærði fengi bátinn eftir uppboðið. Tók ákærði fram að hann hefði að sjálfsögðu ekki verið að útvega túrbínu fyrir einhvern annan en sjálfan sig. Þá taldi hann aðspurður að gamla túrbínan hefði áfram verið um borð í bátnum. Spurður um hver hefði losað túrbínuna af vélinni svaraði ákærði því til að það hefði sá gert sem dæmt hefði túrbínuna ónýta. Sá hinn sami og varað hefði ákærða við því að reyna að nota hana frekar samkvæmt áðursögðu.

Aðspurður kvaðst ákærði X hafa verið framkvæmdastjóri félagsins Mun ferskari ehf., en það félag hefði verið í útgerð á tímabili. Ákærði hefði fengið peninga hjá félaginu, en hann hefði átt inni hjá því laun, til að greiða fyrir endurbyggingu túrbínunnar.

Um samskipti sín við Híbýli og skip ehf. vegna túrbínunnar bar ákærði X að hann hefði einungis viljað aðstoða nýja eigendur B við að koma vél skipsins í gang og samhliða því ná til baka þeim kostnaði sem hann hefði orðið fyrir við endurbyggingu túrbínunnar. Einnig hefði ákærði haft í huga þá áhættu sem nýir eigendur tækju reyndu þeir að gangsetja vélina með gömlu túrbínunni. Rætt hafi verið um að ákærði fengi 600.000 krónur fyrir túrbínuna og vegna þess kostnaðar sem hann hefði af því að keyra suður og vinna við bátinn í einn dag. Ákærði kvaðst hafa krafist þess að fá peningana áður en hann færi suður og því hefði umrædd fjárhæð verið lögð inn hjá Híbýlum og skipum ehf. Nefndi ákærði að skipasalinn hefði gert kröfu um  $\frac{1}{3}$  af þeirri fjárhæð í þóknun. Ákærða hefði þótt það heldur mikið. Hefðu þeir eitthvað þráttað um þetta og á endanum sagðist ákærði hafa verið kominn inn á það að samþykkja kröfu skipasalans. Komist hefði á um það samkomulag að þegar búíð væri að sigla bátnum til Kópavogs ætti að leggja greiðsluna inn á reikning ákærða, enda þá búíð að sannreyna að túrbínan frá honum væri í lagi.

Ákærði X sagðist í kjölfarið hafa farið suður á Akranes þar sem hann hefði farið með hina endurbyggðu túrbínu um borð í B. Tók ákærði aðspurður sérstaklega fram að þá hefði túrbínan í fyrsta sinn verið að fara um borð í bátinn. Er hann hefði í kjölfarið krafist umsaminnar greiðslu hefði skipasalinn talið öll tormerki á því að

afhenda hana. Hefði hann meðal annars upplýst að lögreglan hefði komið og handtekið hann og hefði frásögn hans öll verið hin ruglingslegasta. Niðurstaðan hefði síðan orðið að þeir hittust, ásamt væntanlegum kaupendum, og funduðu um málefnið. Er ákærði hefði mætt á staðinn hefði skipasaliinn hins vegar upplýst að hann væri búinn að millifæra fjármunina til baka vegna hótana sparisjóðsins um að gerði hann það ekki yrði tekið fyrir öll viðskipti við hann í framtíðinni.

## B.

Ákærði Y sagðist hafa verið starfsmaður hjá A. á sínum tíma, félagi sem verið hefði í eigu föður hans, meðákærða X. Aðspurður kvaðst ákærði hafa vitað af því að félagið væri í fjárhagsvandræðum og að sparisjóðurinn hefði óskað eftir nauðungar sölu á báti félagsins, B. Hefði hann haft fregnir af uppboðinu í samtali sem hann hefði átt við F sparisjóðsstjóra. Hann hefði hins vegar ekki vitað neitt nánar um fjárhagsleg málefni félagsins annað en það sem F hefði tjáð honum „... að við ættum að fá bátinn aftur ...“ eftir uppboðið. Sagðist ákærði hafa upplýst F um að hann hefði hug á því að fara og sækja muni sem hann ætti um borð í bátinn og hefði F reynt að fá hann ofan af því.

Eftir samtalið við F kvaðst ákærði Y hafa verið orðinn ákveðinn í því að fara á Akranes og sækja eigur sínar um borð í B, áður en báturinn yrði boðinn upp, þar sem hann hefði ekkert traust borið til sparisjóðsins og talið óvíst að hann fengi að aðgang að bátnum eftir uppboðið. Skýrði það hversu ákærði hefði verið seint á ferðinni umrætt sinn. Þar sem ákærði hefði verið billaus á þessum tíma hefði hann fengið far hjá meðákærða Z, vini sínum og nágretta, sem verið hefði á leið suður daginn eftir en flýtt för sinni að beiðni ákærða.

Ákærði kvaðst aðspurður halda að meðákærða Z hefði verið kunnugt um eignarhald A á B. Ákærði taldi hins vegar að hann hefði ekkert þekkt til þess hverjum báturinn væri veðsettur. Ekki rak ákærða minni til þess að eignarhald á björgunarbátunum hefði komið sérstaklega til tals milli hans og meðákærða. Aftur á móti hefði ákærði nefnt við meðákærða að erindi hans um borð væri að sækja muni í sinni eigu. Nánar spurður um hvaða munir það hefðu verið nefndi ákærði fatnað, verkfæri, tölvu, harðdiskflakkara, sæng o.fl., sem og tvo björgunarbáta er verið hefðu í fiskikari á þilfari bátsins. Bátana hefði ákærði tekið að ósk föður síns, ákærða X, sem hann hefði sett fram símleiðis.

Ákærði taldi mögulegt að hann og meðákærði Z hefðu yfirgefið bátinn um kl. 6:00 um morguninn. Spurður um hvað þeir hefðu gert við björgunarbátana upplýsti ákærði að þeir hefðu skilið bátana eftir hjá föðurbróður hans. Hvað faðir hans hefði ætlast fyrir með björgunarbátana kvaðst ákærði ekki hafa vitað.

Aðspurður kannaðist ákærði við að fyrrnefndur F og annar starfsmaður sparisjóðsins, G, hefðu rætt við hann síðar þennan sama dag, eftir að þau fréttu af því að hann hefði tekið björgunarbátana úr B. Sagðist ákærði strax hafa kannast við að hafa tekið bátana, en hann hins vegar ekki viljað skila þeim án þess að ræða við föður sinn fyrst. Við hann hefði ákærði hins vegar ekki náð sambandi. Kom fram hjá ákærða að það hefði ekki verið fyrr en með þessum samtölum við starfsfólk sparisjóðsins sem hann gerði sér grein fyrir því að sjóðurinn liti svo á að óheimilt hefði verið að taka björgunarbátana úr B, enda þekkti hann ekkert til reglna um fylgifé báta. Enn fremur upplýsti ákærði að honum hefði verið kunnugt um að

björgunarbátarnir hefðu upphaflega komið úr bátnum E, er seldur hefði verið í brotajárn nokkru áður, þar sem hann hefði tekið þátt í að koma þeim báti á áfangastað í Danmörku.

### C.

Ákærði Z sagði meðákærðu vera nágranna sína og vini.

Aðspurður kvaðst ákærði Z ekki hafa sérstaklega hugleitt eignarhaldið á bátnum B umrætt sinn og nefndi í því sambandi að meðákærði X hefði gegnum tíðina verið með mörg fyrirtæki á sínum snærum. Nánari þekkingu á þeim málum hefði ákærði hins vegar ekki búið yfir og hann því ekki vitað hvaða fyrirtæki meðákærða ætti bátinn. Því síður hefði ákærði haft nokkra hugmynd um það hvaða aðilar ættu veð í bátnum. Þá kvaðst ákærði aðspurður aldrei hafa verið í nokkurri aðstöðu til að kynna sér fjármál A.

Um hvernig það kom til að hann fór um borð í B í Akraneshöfn ásamt meðákærða Y bar ákærði Z að Y hefði hringt í sig og innt sig eftir því hvort hann væri ekki til í að flýta fyrirhugaðri ferð sinni suður og fara með meðákærða að sækja dót um borð í B. Ákærði kvaðst hafa sagt það vera lítið mál „... í þeirri trú að ég væri ekki að gera neitt rangt ...“. Á leiðinni suður sagði ákærði fyrirhugað uppboð á bátnum meðal annars hafa komið til tals, sem og að til stæði að meðákærði X fengi bátinn að nýju að uppboðinu loknu. Fjárhagsvandræði A hefðu að öðru leyti ekki verið rædd. Enn fremur hefði meðákærði Y upplýst hann um að björgunarbátar þeir sem þeir hygðust taka úr B væru í eigu föður hans og hefðu upphaflega verið um borð í bátnum E.

Ákærði bar að meðákærði Y hefði tekið með sér úr B verkfæri, auk poka sem í hefðu verið einhverjir hlutir. Saman hefðu þeir síðan fært björgunarbátana frá borði, eins og sjá megi á framlögðu myndskreiði úr eftirlitsmyndavél við Akraneshöfn, og sett þá á kerru sem ákærði hefði fengið lánaða á leiðinni suður á bæ sem hann sé ættaður frá. Bátana hefðu þeir síðan farið með heim til bróður meðákærða X. Hvað gera hefði átt við þá í framhaldinu kvaðst ákærði ekki hafa haft hugmynd um. Spurður um hvort hann hefði veitt athygli merkingum á björgunarbátunum kvað ákærði svo ekki hafa verið. Hann hefði ekkert verið að spá í þá hluti. Skýringar meðákærða á því af hverju þeir væru að taka björgunarbátana frá borði, þ.e. að um eigur þeirra feðga væri að ræða og að þeir óttuðust að þeim yrði stolið af þilfarinu, kvaðst ákærði hafa tekið trúanlegar, enda enga ástæðu séð til annars. Þá hefði ákærði jafnframt haft af því áhyggjur að hann gæti lent í erfiðleikum með að endurheimta sína persónulegu muni frá borði eftir að uppboðið væri um garð gengið. Var á ákærða að skilja að samtal meðákærða Y stuttu áður við F sparisjóðsstjóra hefði ráðið allnokkru um þær áhyggjur.

Spurður um hvort hann hefði fengið greitt fyrir umrætt viðvik sagði ákærði svo ekki hafa verið. Um vinargreiða hefði verið að ræða.

### III.

F, sem var aðstoðarútibússtjóri hjá Sparisjóðnum í Keflavík á Ísafirði er atvik máls gerðust, skýrði svo frá fyrir dómi að sparisjóðurinn hefði farið fram á fjárnám hjá A og síðar nauðungarsölu á bátnum B vegna vanskila félagsins. Fram kom hjá vitninu

að farið hefði verið fram á það af hálfu sparisjóðsins að hann fengi yferráð bátsins strax eftir uppboðið og að bátnum yrði læst vegna fyrri samskipta við forsvarsmann A.

Vitnið kannaðist aðspurt við að hafa rætt við ákærða Y úti á götu í D þar sem ákærði hefði meðal annars haldið því fram að hann ætti fartölvu um borð í B. Vitnið kvaðst hafa sagt ákærða að það væri búið að loka bátnum og að hann ætti ekki erindi um borð. Hins vegar væri sjálfsagt að skoða það mál eftir uppboðið, sem vitnið taldi að fyrirhugað hefði verið daginn eftir, og afhenda ákærða tölvuna ef hann gæti sannað eignarhald sitt á henni.

Eftir að vitnið frétti af því að tveir menn, annar þeirra ákærði Y, hefðu farið um borð í B og fjarlæggt þaðan tvo björgunarbáta kvaðst það hafa haft símasamband við ákærða og beðið hann um að skila bátunum þar sem þeir væru eign sparisjóðsins, sjóðurinn ætti veð í bátunum. Y hefði ekki viljað skila bátunum og sagst þurfa að ræða við föður sinn, ákærða X, um það mál og hefði vitnið hvatt hann til að gera það. Fram kom hjá vitninu að það hefði ekki rætt við ákærða X vegna þessa, enda hefði hann á þessum tíma verið skipverji á norsku skipi og því erfitt að ná við hann sambandi.

Fram kom hjá vitninu að sparisjóðurinn hefði á tímabili átt veð í bátnum E. Þær skuldbindingar hefðu hins vegar, að því er vitnið taldi, verið gerðar upp í tengslum við sölu bátsins í brotajárn.

Vitnið sagði í ljós hafa komið, eftir að sparisjóðurinn seldi C. B, að túrbínu vantaði á vél skipsins. C. hefði síðan borist boð um að kaupa túrbínu í gegnum skipasala. Strax hefði vaknað grunur um að þar væri á ferðinni túrbínan úr skipinu og hefði því verið tekin ákvörðun um að sparisjóðurinn lánaði C. fyrir túrbínunni og félagið í framhaldinu sett sig í samband við skipasalann. Í kjölfarið hefði túrbínan komið um borð í skipið. „Hvort það var sama túrbínan og var áður hef ég ekki hugmynd um, hef ekki tæknilega þekkingu á því.“

Aðspurt kvað vitnið sér ekki hafa verið kunnugt um það hvort umrædd túrbína hefði verið um borð í B þegar sparisjóðurinn keypti bátinn á uppboði. Vitnið taldi að svo hefði verið en kvaðst ekki geta fullyrt það. Þá hefði vitninu heldur ekki verið kunnugt um það hvort túrbínan hefði verið um borð í bátnum þegar sparisjóðurinn seldi C hann.

G kannaðist aðspurt við að sparisjóðurinn hefði óskað eftir því að fá yferráð B strax á uppboðsdegi og að bátnum yrði þá þegar læst. Hefði þessi ósk verið sett fram vegna fyrri reynslu sparisjóðsins í tengslum við kaup hans á bátnum H á uppboði.

Vitnið greindi frá því að það hefði átt samtal við ákærða Y eftir að í ljós kom að hann hefði tekið tvo björgunarbáta úr B. Kvaðst vitnið hafa farið fram á það við ákærða að hann skilaði bátunum, þar sem þeir væru fylgifé bátsins og veðsettir sparisjóðnum sem slíkir, en hann ekki orðið við þeirri kröfu.

Síðar sagðist vitnið hafa fengið símtal frá forsvarsmönnum C þess efnis að búið væri að bjóða þeim til sölu túrbínuna úr B, en túrbínuna taldi vitnið hafa verið í bátnum er sparisjóðurinn eignaðist hann á uppboði, og jafnframt er sjóðurinn seldi nefndu félagi bátinn nokkru síðar. Úr hefði orðið að sparisjóðurinn legði út

fjármagn til kaupanna, 600.000 krónur, sem millifærðar hefðu verið inn á reikning þess skipasala sem milligöngu hefði haft um kaupin. Þegar túrbínan hefði verið komin um borð í B hefði vitnið haft samband við skipasalann og greint honum frá því að umrædd túrbína væri líklegast úr bátnum sjálfum og hefði því átt að fylgja honum við sölu. Í því ljósi hefði vitnið lagt að skipasalanum að endurgreiða fjármunina sem hann hefði á endanum gert.

I Jónsson, framkvæmdastjóri C, bar fyrir dómi að félagið hefði keypt B af sparisjóðnum eftir að sjóðurinn hafði auglýst hann til sölu. Vitnið kvaðst hafa skoðað bátinn áður en félagið festi kaup á honum, líklega 3-4 vikum áður, ásamt J og K. Gunnar Richter hefði sýnt þeim bátinn sem þá hefði verið eign sparisjóðsins og staddur í Akraneshöfn. Hefði nefndur maður haft lykлавöld að bátnum. Sérstaklega aðspurt sagðist vitnið ekki hafa veitt því athygli að túrbínuna vantaði í skipið, en vitnið kvaðst hins vegar sannfært um að það hefði veit því athygli ef túrbínuna hefði vantað.

Þegar vitnið hefði eftir kaupin verið komið um borð í bátinn ásamt fleirum þeirra erinda að sigla honum til Kópavogs hefði því borist símhringing frá skipasala sem bent hefði vitninu á að kveikja ekki á bátnum vegna þess að við það gæti vélin skemmst þar sem túrbínuna vantaði á vélina. Vitnið hefði strax farið að vél bátsins og þá séð að þessar upplýsingar voru réttar, túrbínuna vantaði. Hefði verið búíð að setja eitthvert efni í gatið sem hún skildi eftir sig.

Vitnið sagði skipasalann hafa boðið C túrbínu til sölu og hefði félagið farið í það með sparisjóðnum að nálgast túrbínuna, sem síðan hefði verið gert. Kom fram hjá vitninu að strax hefði legið fyrir að seljandi túrbínunnar væri ákærði X. Úr hefði orðið að sparisjóðurinn lánaði C fé til kaupa á túrbínunni, félagið hefði lagt þá fjármuni inn hjá skipasalanum og seljandinn komið með túrbínuna um borð þar sem hún var tengd við vélina. Farið hefði verið fram á það við skipasalann að seljandinn fengi ekki kaupverðið afhent fyrir en búíð hefði verið að láta reyna á túrbínuna og báturinn kominn inn í Kópavogshöfn. Áður en af því hefði orðið hefði sparisjóðurinn sett sig í samband við skipasalann og upplýst hann um að túrbínan tilheyrði skipinu og væri því eign sjóðsins. Seljandinn hefði því aldrei fengið kaupverðið.

J sagðist, í kjölfar þess að B var auglýstur til sölu af sparisjóðnum, hafa skoðað bátinn að utan þar sem hann lá í Akraneshöfn. Taldi vitnið að þetta hefði verið um þremur vikum áður en C. keyptu bátinn. Nokkru síðar hefði vitnið skoðað bátinn að nýju og þá ásamt fleiri aðilum. Spurður um hver hefði sýnt þeim bátinn svaraði vitnið því til að það hefði gert Gunnar Richter, en hann hefði verið með lykлавöld að bátnum sem verið hefði læstur. Taldi vitnið sig geta fullyrt að túrbína hefði verið á vélinni við þessa skoðun.

Eftir að G. höfðu keypt B kvaðst vitnið hafa farið ásamt fleirum, vélstjóra og stýrimanni, upp á Akranes þeirra erinda að sækja bátinn. Einnig hefði verið á staðnum skoðunarmaður sem taka hefði átt út bátinn vegna haffærisundanþágu, en ætlunin hefði verið að sigla bátnum í Kópavogshöfn. Sú skoðun hefði gengið vel en þegar gangsetja hefði átt skipið og sigla því af stað hefði vélstjórinn komið upp úr vélarrúminu og tilkynnt að túrbínuna vantaði í skipið. I hefði gengið í að finna út úr því máli og eftir nokkra stund hefði ákærði X komið með túrbínuna í skipið, vélstjórinn og hann sett hana við vélina, og skipinu síðan verið siglt til

Kópavogshafnar. Spurt um hvort það vissi hvaðan túrbínan kom svaraði vitnið: „Hún kom bara frá honum. Þetta er bara túrbína af þessari vél, það er ekkert flókið. Svona túrbínur eru ekkert úti um allt.“ Vitnið taldi „... augljóst mál að þetta væri túrbínan af þessari vél. Hvaða önnur túrbína gat þetta verið?“

Finnbogi Þórarinnsson, starfsmaður fyrirtækisins FS-mótor, kvaðst hafa tekið við túrbínu hjá MD vélum ehf, sem þar hefði verið til viðgerðar, farið með hana upp á Akranes og sett hana við vél B. Þetta hefði verið 16. nóvember 2009 samkvæmt skráningu í tímabók vitnisins. Kom fram hjá vitninu að báturinn hefði þá verið kominn niður úr slippnum og á flot. Aðspurt kvað vitnið enga túrbínu hafa verið við vélina þegar það kom að henni þeirra erinda að setja hina nýuppteknu túrbínu í, ásamt spíssunum. Vitnið kvaðst að endingu hafa sett vél bátsins í gang í stutta stund en með því hefði verkefni þess verið lokið.

Vitnið gat ekki svarað því hvort sú túrbína sem það setti við vél bátsins hefði verið úr bátnum eða hvort um hefði verið að ræða einhverja aðra túrbínu sem hefði verið endurbyggð.

Erlingur Guðjón Kristinsson, sölustjóri hjá MD vélum ehf., kannaðist við að fyrirtækið hefði annast viðgerð á túrbínu og spíssum úr B. Vitnið kvað Hjalta Sigfússon, framkvæmdastjóra MD véla ehf., hafa farið um borð í bátinn á Akranesi og náð í túrbínu og spíssa úr aðalvél skipsins og hefði verkið síðan verið unnið á verkstæði fyrirtækisins.

Aðalsteinn Torfason, eigandi Híbýla og skipa ehf., kvað ákærða X hafa haft samband við sig eftir að B hafði verið seldur á uppboði. Ákærði hefði upplýst að hann væri með túrbínuna úr skipinu í sínum fórum og væri hún persónuleg eign hans. Hefði ákærði farið þess á leit við vitnið að það hefði samband við C og byði þeim túrbínuna til kaups. Það hefði vitnið gert síðar þennan sama dag.

Einnig kom fram hjá vitninu að annaðhvort í þessu sama símtali eða síðar hefði ákærði X nefnt að hann hefði jafnframt til sölu tvo björgunarbáta sem vitnið hefði einnig komið á framfæri við C að væru til sölu.

Vitnið kvað C hafa lýst yfir áhuga á að kaupa túrbínuna og félagið verið tilbúið til að greiða fyrir hana uppsett verð, 600.000 krónur. Það fyrirkomulag hefði verið viðhaft að kaupandinn greiddi kaupverðið inn á fjárvörslureikning þar sem fjármunirnir hefðu átt að vera þar til staðreynt hafði verið að varan væri í lagi. Áður en viðskiptin hefðu gengið í gegn að fullu hefði vitninu hins vegar borist tölvupóstur frá sparisjóðnum þar sem bent hefði verið á að viðskiptin gætu verið vafasöm. Vegna tölvupóstsins kvaðst vitnið hafa haft samband við ákærða X og innt hann sérstaklega eftir hvort hann ætti þessa túrbínu persónulega og jafnframt hvar sú túrbína væri þá sem fylgja ætti bátnum. Vitnið hefði fengið loðin svör frá ákærða við þessari fyrirspurn. En ákærði síðan greint frá því að eignarhald hans á túrbínunni grundvallaðist á því hversu mikið hann væri búinn að láta gera við hana á sinn eigin reikning. Í framhaldinu hefði vitnið ákveðið að endurgreiða C fyrrnefndar 600.000 krónur.

Þá komu einnig fyrir dóm sem vitni Hlynur Snorrason lögreglufulltrúi og Skúli Berg rannsóknarlögreglumaður en ekki þykir ástæða til að rekja framburð þeirra sérstaklega.

## IV.

### A.

Upplýst er í málinu að síðla nætur 11. febrúar 2010 tóku ákærðu Y og Z tvo björgunarbáta úr fiskikari á þilfari bátsins B, en báturinn var þá í umráðum A. Fyrir liggur að þetta gerðu þeir að beiðni meðákærða sem hann hafði sett fram í símtali við son sinn, ákærða Y, daginn áður. Ljóst er að enginn asi var á ákærðu umrætt sinn, en samkvæmt framlagðri upptöku úr eftirlitsmyndavél við Akraneshöfn komu þeir að bátnum laust fyrir klukkan 03:00 um nóttina og héldu á brott með björgunarbátana, sem og einhverja persónulega muni ákærða Y, klukkan rúmlega 07:30 um morguninn.

Svo sakfelld verði fyrir brot gegn 2. tölulið 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður ásetningur að vera sannaður, sbr. 18. gr. sömu laga, og þarf hann að ná til allra þátta í efnislýsingu brotsins.

Sakargiftir á hendur ákærða X er björgunarbátunum tengjast byggjast á því að Sparisjóður Vestfirðinga, nú NBI hf., hafi átt veðrétt í bátunum samkvæmt skuldabréfi frá 29. nóvember 2005, sbr. og viðauka við skuldabréfið frá 11. maí 2007. Svo sem rakið er í kafla II A hefur ákærði X hins vegar haldið því fram í málinu að björgunarbátarnir séu lausafé sem verið hefði í bátnum E þar til hann var seldur í brotajárn. Hefur ákærði fullyrt að bátarnir hafi því ekki tilheyrt B heldur eingöngu verið lánaðir þangað þar sem björgunarbátarnir um borð í B, sem á sínum tíma hefðu verið veðsettir með bátnum, hefðu verið orðnir ónýtir.

Ljóst er af rannsóknargögnum lögreglu, sbr. lögregluskýrslu frá 28. nóvember 2011 og fylgiskjöl hennar, að umræddir tveir björgunarbátar voru skoðaðir árin 2005 og 2006 hjá Fjarðarneti ehf., Gúmmibátaþjónustu, á Ísafirði og tilheyrdur þeir þá bátnum E. Þá er af sömu gögnum ljóst að við skoðun framkvæmda af Gúmmibátaþjónustu Norðurlands 5. ágúst 2008 voru bátarnir tilgreindir sem bátar af B.

Upplýst er í málinu samkvæmt áðursögðu að þegar nefnd veðskjöl voru útbúin tilheyrdur björgunarbátarnir tveir ekki B heldur bátnum E. Jafnljóst er að bátarnir voru síðar, sbr. t.d. fyrrnefnda skoðun þeirra á árinu 2008, teknir til notkunar á B.

Fyrir liggur samkvæmt framansögðu að NBI hf. og ákærða X greinir á um hvort veðréttur bankans, sem grundvallast samkvæmt ákæru á skuldabréfi frá 29. nóvember 2005 og viðauka við skuldabréfið frá 11. maí 2007, taki til hinna umdeildu björgunarbáta. Svo komast megi að niðurstöðu um þann ágreining þarf að taka afstöðu til efnis nefndra veðskjala og þeirra skyldna sem á skuldara voru lagðar samkvæmt þeim. Enn fremur þarf að taka afstöðu til þess hvort, og þá eftir atvikum með hvaða hætti, ákvæði laga nr. 75/1997 um sammingsveð geta haft áhrif á úrlausn ágreiningsins, allt að virtum þeim málsatvikum sem að framan hafa verið rakin. Úr hinum einkaréttarlega ágreiningi ákærða X og NBI hf. verður ekki skorið í því sakamáli sem hér er til úrlausnar. Tilvist ágreiningsins leiðir hins vegar til þess að mati dómsins að ekki verður slegið föstu, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði X hafi haft ásetning til að taka undir sig, sem eigandi og

framkvæmdastjóri A, án heimildar veðhafa, títtnefnda tvo björgunarbáta og ráðstafa þannig fjármunum A svo ekki varð samrýmt réttindum veðhafa. Verður ákærði X því sýknaður af þeim sakargiftum.

Þegar af ofangreindri niðurstöðu leiðir að sýkna ber ákærðu Y og Z af kröfum ákærvalds í málinu.

## **B.**

Sakargiftir á hendur ákærða X er túrbínu þá varða sem nefnd er í ákæruliðum I og III byggjast á því að Sparisjóður Vestfirðinga, nú NBI hf., hafi átt veðrétt í bátnum B samkvæmt áðurnefndu skuldabréfi frá 29. nóvember 2005 og viðauka við skuldabréfið frá 11. maí 2007 og hafi veðrétturinn náð til nefndrar túrbínu.

Svo sem rakið er í kafla II A hefur ákærði X borið að túrbína sú sem hann bauð C til kaups hefði ekki verið úr B. Túrbínuna hefði ákærði fengið til að gera upp þar sem húsið á túrbínunni úr B hefði verið sprungið. Ákærði hefði því útvegað sér aðra túrbínu, notaða, og látið endurbyggja hana. Kvaðst ákærði hafa talið sig hafa fullan haldsrétt í þeirri túrbínu þar sem hann hefði sjálfur lagt út fyrir túrbínunni og annað fyrirtæki lánað honum fyrir endurgerð hennar. Ætlan ákærða hefði verið að setja túrbínuna í B í stað hinnar en ekki hefði orðið af því þar sem sparisjóðurinn hefði ekki staðið við þau fyrirheit að ákærði fengi bátinn eftir uppboðið. Taldi ákærði aðspurður að gamla túrbínan hefði áfram verið um borð í B. Spurður um hver hefði losað túrbínuna af vélinni svaraði ákærði því til að það hefði sá gert sem dæmt hefði túrbínuna ónýta.

Hvað þetta ákæruatriði varðar kom fram hjá vitninu Erlingi Guðjóni Kristinssyni, sölustjóra MD véla ehf., að fyrirtækið hefði annast viðgerð á túrbínu og spíssum úr B. Kvað vitnið Hjalta Sigfússon, framkvæmdastjóra MD véla ehf., hafa farið um borð í bátinn á Akranesi og náð í túrbínuna.

Finnbogi Þórarinsson, starfsmaður FS-mótors, bar að hann hefði tekið við túrbínu hjá MD vélum ehf., farið með hana upp á Akranes og sett hana við vél B hinn 16. nóvember 2009, samkvæmt skráningu í tímabók vitnisins. Sagði vitnið enga túrbínu hafa verið við vélina þegar það kom að henni nefndan dag.

Við aðalmeðferð málsins gáfu og skýrslu tveir fyrrverandi starfsmenn Sparisjóðs Vestfirðinga. Kvaðst annar þeirra, F, ekki hafa hugmynd um hvort túrbína sú sem ákærði X bauð C til kaups hefði verið sama túrbína og var áður í bátnum „... hef ekki tæknilega þekkingu á því ...“ sagði vitnið. G bar hins vegar um þetta atriði að hún hefði lýst því yfir við skipasala, sem milligöngu hefði haft um sölu túrbínunnar, að túrbína sú sem ákærði X byði til sölu væri líklegast úr bátnum sjálfum. Þá bar J, skipstjóri á L, áður B, um þetta atriði að augljóst mál væri „... að þetta væri túrbínan af þessari vél. Hvaða önnur túrbína gat þetta verið?“

Við mat á því hvort lögfull sönnun sé fram komin fyrir því að ákærði hafi fjarlæggt eða látið fjarlægja úr B, og tekið þannig undir sig, án heimildar veðhafa, túrbínu þá sem hann síðar bauð C til kaups, og hann þannig ráðstafað fjármunum A svo ekki varð samrýmt réttindum veðhafa, verður fyrst til þess að líta að í ákæru er tilgreind túrbína af Mitsubishi-gerð, með raðnúmerið D11885. Ljóst er að ákærði afhenti C þá túrbínu um borð í B, nú L, eftir að félagið festi kaup á bátnum. Ekki liggja hins

vegar fyrir nein skjálleg sönnunargögn sem talin verða sanna að um sé að ræða sömu túrbínu og tekin var úr bátnum haustið 2009.

Í öðru lagi verður ekki fram hjá því horft að áður nefndur Hjalti Sigfússon var ekki leiddur fyrir dóm sem vitni við aðalmeðferð málsins og liggur því ekki fyrir staðfesting hans á því að atvik hafi verið með þeim hætti sem vitnið Erlingur Guðjón Kristinsson lýsti samkvæmt framansögðu. Verður ákærvaldið að bera hallann af því, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ekki nýtur vitnisburðar Hjalta í málinu.

Í þriðja lagi verður að virða framburð vitnisins Finnboga Þórarinssonar í því ljósi að skýrsla var tekin af vitninu í gegnum síma við aðalmeðferð málsins, sem aldrei hefði komið til álita, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 88/2008, ef af gögnum málsins hefði mátt ráða hvers efnis framburður þess yrði. Dregur sá háttur sem viðhafður var við skýrslutöku af vitninu óhjákvæmilega nokkuð úr sönnunargildi framburðar þess.

Að síðustu verður ekki með nokkru móti fram hjá því litið að I bar fyrir dómi að hann væri sannfærður um að hann hefði veitt því athygli ef túrbínu B hefði vantað er hann skoðaði bátinn, líklega 3-4 vikum áður en C. festu kaup á bátnum. Þá taldi J sig geta fullyrt að túrbína hefði verið á vélinni við þá skoðun. Verður ekki hjá því komist að setja þennan framburð vitnanna í samhengi við það sem telja verður óumdeilt í málinu um að Sparisjóður Vestfirðinga hafi fengið umráð bátsins strax eftir uppboðið 11. febrúar 2010 og að bátnum hafi þá strax verið læst og ráðinn umsjónarmaður með honum.

Þegar allt framangreint er heildstætt virt þykir ákærvaldinu ekki hafa tekist að sanna gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði X hafi fjarlægt eða látið fjarlægja úr B, og tekið þannig undir sig, án heimildar veðhafa, túrbínu þá sem hann síðar bauð C til kaups, og hann þannig ráðstafað fjármunum A svo ekki varð samrýmt réttindum veðhafa. Verður ákærði því sýknaður af þeim sakargiftum samkvæmt ákærulið I er túrbínuna varða. Af þeirri niðurstöðu leiðir jafnframt að sýkna ber ákærða X af sakargiftum samkvæmt ákærulið III. Verður hann því alfarið sýknaður af kröfum ákærvalds í málinu.

## V.

Með vísan til niðurstöðu dómsins um sýknu allra ákærðu, sbr. 2. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður kostnaður sakarinnar felldur á ríkissjóð, þar með talin þóknun skipaðra verjenda ákærðu fyrir störf þeirra vegna reksturs málsins fyrir dómi. Þykir þóknun verjendanna hæfilega ákveðin með eftirgreindum hætti að virðisaukaskatti meðtöldum:

Þóknun skipaðs verjanda ákærða X, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hrl., er ákveðin 376.500 krónur. Ferðakostnaður lögmannsins, 39.254 krónur, greiðist einnig úr ríkissjóði. Þóknun skipaðs verjanda ákærða Y, Grétars Dórs Sigurðssonar hdl., er ákveðin 313.750 krónur. Ferðakostnaður lögmannsins, 33.900 krónur, greiðist einnig úr ríkissjóði. Þá ákveðst þóknun skipaðs verjanda ákærða Z, Fróða Steingrímssonar hdl., einnig 313.750 krónur. Ferðakostnaður lögmannsins, 33.900 krónur, skal greiddur úr ríkissjóði.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

**D Ó M S O R Ð:**

Ákærðu, X, Y og Z, skulu sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Kristinn Halldórsson